

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

29. nóvember 2017 kl. 8:15

Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Bryndís Jónsdóttir fulltrúi foreldra, Alfreð Gústaf Maríusson, fulltrúi starfsmanna, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Smári Þorbjörnsson, fulltrúi kennara, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ástrós Magna Vilmundardóttir fulltrúi nemenda og Felix Már Kjartansson fulltrúi nemenda.

Fundarritari: María Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri.

1. Námsmat / breytingar með nýrri Aðalnámskrá

Theódór, enskukennari á unglíngastigi kynnti nýtt námsmat og þá vinnu sem unnin hefur verið í Vatnsendaskóla varðandi það. Í nýju námsmati er verið að meta hæfni nemenda en ekki eingöngu þekkingu. Lokamat er gefið í bókstöfum. Vatnsendaskóli er kominn vel á veg á unglíngastigi og í vetur munu kennarar á mið- og yngsta stigi hefja undirbúning vegna vinnu varðandi nýtt námsmat. Reynslan varðandi innleiðinguna á unglíngastigi sýnir að mikilvægt er að gefa innleiðingunni góðan tíma.

2. Önnur mál:

Lestur:

Rætt um lestur og mikilvægi þess að foreldrar kvitti undir heimalestur. Mikilvægt að eldri nemendur haldi áfram að þjálf sig í lestri. Væri hægt að auka vægi heimanáms. Senda persónulega pósta til foreldra með útskýringum um mikilvægi þess að lesa og að þeir þurfi að sinna þessu námi með börnum sínum.

Microbit tölvur:

Þetta er forritunarverkefni sem 5. – 7. bekkur tekur þátt. Nemendur fá þessar tölvur til eignar en þær eru í skólanum á meðan unnið er með þær. Skólinn hefur ekki fengið þessar tölvur í hendurnar en þær eru væntanlegar.

Vinaliðaverkefnið:

Vinaliðaverkefnið felst í því að nemendur eru þjálfðir í að stýra leikjum í frímínútum hjá yngri nemendum. Fyrir nokkrum árum var kannað hvað myndi kosta að taka þetta verkefni hér inn og þá kom í ljós að kostnaðurinn við verkefnið er mjög mikill. Deildarstjóri á yngsta stigi mun kanna hvort möguleiki sé á að taka þetta verkefni upp á næsta ári. Mikill áhugi hjá foreldrum að þetta verkefni verði tekið inn hér.

Fundi slitið kl. 9:30